

REGLUR

um fjárhagsaðstoð í Dalvíkurbyggð.

I. KAFLI

Almenn atriði.

1. gr.

Inntak fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð, samanber 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, skal veitt einstaklingum og fjölskyldum við eftirfarandi aðstæður:

1. Þegar einstaklingar eða fjölskylda hafa ónógar tekjur sér og sínum til lífsviðurværis sbr. 20. gr. og IV. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
2. Til að koma í veg fyrir að einstaklingur eða fjölskylda komist í þá aðstöðu að geta ekki framfleytt sér og sínum.
3. Sem stuðningur á meðan einstaklingur eða fjölskylda er að vinna sig út úr ákveðnum erfiðleikum, enda ekki í verkahring annarra að veita slíka aðstoð.
4. Þar sem löggjöf mælir fyrir um aðgerðir sem hafa í för með sér fjárútlát, t.d. ákvæði í lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, svo sem framfærsla og annar kostnaður vegna barns í föstri (32. gr.), fjárstyrkur til foreldra vegna lögmannsaðstoðar við úrskurðarmál (46. gr.) og kostnaður við ýmis stuðningsúrræði (21. gr.).

Jafnan skal kanna til þrautar möguleika á annarri aðstöðu en fjárhagsaðstoð þar með talið frá almannatryggingum, atvinnuleysistryggingum, lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, svo og rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um námsstyrki. Skal fjárhagsaðstoð aðeins veitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálaráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar.

2. gr.

Framfærsluskylda.

Hverjum manni er skylt að framfæra sjálfan sig, maka sinn og börn yngri en 18 ára. Fólk sem er í skráðri sambúð í þjóðskrá á sama rétt til fjárhagsaðstoðar og hjón. Sambúð skal hafa verið skráð í þjóðskrá í a.m.k. eitt ár áður en umsókn er lögð fram, sbr. 19. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

3. gr.

Lækkun grunnfjárhæðar.

Hafi umsækjandi hafnað atvinnu eða sagt starfi sínu lausu án viðhlítandi skýringa er félagsmálanefnd heimilt að greiða lægri fjárhæð til framfærslu en tilgreind er í III. kafla reglna þessara þann mánuð sem hann hafnar vinnu svo og mánuðinn þar á eftir.

Sama á við atvinnulausan umsækjanda sem ekki framvísar skráningarskírteini/staðfestingu eða dagpeningavottorði frá Vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringar.

4. gr.

Réttur fylgir lögheimili.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram í lögheimilissveitarfélagi. Þurfi fólk á skyndilegri aðstöðu að halda í dvalarsveitarfélagi er skylt að veita tímabundna aðstoð. Skal um það haft samráð við lögheimilissveitarfélag og aðstoð metin og veitt í samræmi við reglur

Þess. Lögheimilissveitarfélag endurgreiðir dvalarsveitarfélagi kostnaðinn, sbr. 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

5. gr.

Form fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð skal að jafnaði veitt sem styrkur en sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum hans leiðir í ljós að hann geti risið undir endurgreiðslu síðar.

Heimilt er að taka vexti af lánum þó aldrei hærri en meðalvexti lánastofnana á hverjum tíma.

Fjárhagsaðstoð sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er ætíð endurkræf.

6. gr.

Tímabil samþykkis hverju sinni.

Fjárhagsaðstoð skal að öðru jöfnu vera greidd einn mánuð í senn og skulu ákvarðanir um aðstoð að jafnaði ekki ná yfir lengra tímabil en þrjá mánuði. Þegar umsækjandi fær jafnframt bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og ljóst er að aðstæður hans muni ekki breytast, er heimilt að samþykkja aðstoð í sex mánuði í senn. Aðstæður þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð lengur en 6 mánuði skulu kannaðar sérstaklega, félagsleg ráðgjöf veitt í samræmi við V. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og máli vísað til Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna ef við á.

Í undantekningartilvikum er heimilt að veita fjárhagsaðstoð vikulega vegna sérstakra aðstæðna.

7. gr.

Fjárhagsaðstoð aftur í tímann.

Fjárhagsaðstoð er aldrei skylt að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því að umókn er lögð fram, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

II. KAFLI

Umsóknir um fjárhagsaðstoð og undirbúningur mála.

8. gr.

Umsóknir um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsmálastjóra. Við mat á umsókn um fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja fyrir eftirfarandi gögn.

Umsókn skal undirrituð og á sérstöku umsóknareyðublaði þar sem fram komi upplýsingar um umsækjanda, þar með talið lögheimili, fjölskyldugerð, nafn maka og barna á framfæri og nákvæmar upplýsingar um tekjur og eignir.

Umsókn skal fylgja staðfest skattframtal vegna síðastliðins árs, yfirlit yfir allar tekjur og aðrar greiðslur umsækjanda og maka hans þann mánuð sem umsókn er lögð fram og tvo mánuði á undan, þar með taldar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum, Atvinnuleysistryggingasjóði, sjúkrasjóðum stéttarfélaga eða öðrum aðilum, barnabætur, mæðra- og feðralaun og meðlög.

Umsækjandi getur veitt öðrum skriflegt umboð til að sækja um aðstoð fyrir sína hönd.

Þegar umsækjandi er atvinnulaus skal hann framvísa skráningarskírteini eða staðfestingu frá vinnumiðlun er staðfestir atvinnuleysi hans. Hafi umsækjandi ekki fengið atvinnuleysisbætur vegna veikinda skal hann framvísa læknisvottorði. Hafi hann ekki skráð sig hjá Vinnu-málastofnun, án viðhlitandi skýringa, hefur það áhrif á fjárhæð, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Umsækjanda skal send rökstudd tillaga félagsmálastjóra/starfsmanns um afgreiðslu málsins, þar sem gerð er grein fyrir forsendum og markmiðum fjárhagsaðstoðar.

9. gr.

Upplýsingar um tekjur og fjárhag umsækjanda.

Félagsmálastjóri/starfsmaður félagsþjónustu getur, ef þörf krefur, aflað frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda, m.a. hjá skattfyrvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og Atvinnuleysistryggingastjóði. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

Neiti umsækjandi að veita upplýsingar um fjárhag sinn eða maka stöðvast afgreiðsla umsóknar hans.

10. gr.

Neyðaraðstoð.

Heimilt er að veita skyndiaðstoð í neyðartilfellum án þess að upplýsingar skv. 3. gr. liggja fyrir.

Skyndiaðstoð skal einkum ætluð til að tryggja einstaklingum og fjölskyldum lífsviðurværi.

Ákvörðun um skyndiaðstoð skal endurskoðuð þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir.

Skyndiaðstoðin má vera allt að 15.000 kr. og uppfærast samkvæmt vísitölu ár hvert.

III. KAFLI

Framfærslukostnaður og mat á fjárförf.

11. gr.

Lágmarksfjárförf lögð til grundvallar.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal lágmarksfjárförf viðkomandi lögð til grundvallar.

Lágmarksfjárförf skal að öðru jöfnu metin svo að hún sé mismunur á því sem telst framfærslukotnaður miðað við fjölskyldustærð, annars vegar og ráðstöfunarfé fjölskyldunnar hins vegar.

Með framfærslukostnaði er átt við þann lágmarkskostnað, sem ætlað er að einstaklingur eða fjölskylda geti lifað af. Tekið skal tillit til umframútgjalda í hverju einstöku tilviki.

Ævinlega skal hliðsjón höfð af eignum og skuldum umsækjanda.

12. gr.

Framfærslugrunnur og útreikningur hans.

Framfærslugrunnur einstaklings 18 ára og eldri tekur mið af grunnfjárhæð kr. 93.703. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar er tengd neysluvísitölu og skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við hana.

Framfærslukostnaður (fk.) hækkar miðað við fjölskyldustærð eftir því sem hér segir:

Fyrir tveggja manna fjölskyldu	fk. x 1,4
Fyrir þriggja manna fjölskyldu	fk. x 1,6
Fyrir fjögurra manna fjölskyldu	fk. x 1,8
Fyrir fimm manna fjölskyldu	fk. x 2,0
Fyrir sex manna fjölskyldu	fk. x 2,2

og svo framvegis þannig að viðbót vegna fjölskyldumeðlims verði 0,2.

Eftirtaldir þættir falla m.a. undir framfærslukostnað miðað við mánaðargreiðslur og á útreiknaður framfærslukostnaður að standa undir þessum útgjöldum:

- a. Fæði.
- b. Klæði.
- c. Hreinlætis- og snyrtivörum.
- d. Afnotagjaldi síma og ríkisútvarps.
- e. Lyfjum og læknishjálpi að hámarki sem nemur 50% af heimilisuppbót TR.
- f. Heimilisbúnaði.
- g. Hita og rafmagni.
- h. Kostnaði af rekstri bifreiðar.
- i. Dagvistarkostnaði fyrir eitt barn.
- j. Húsaleigu miðað við leigutöku sveitarfélags eða annars eðlilegs húsnæðiskostnaðar.

Þegar einstaklingur býr á stofnun, eða býr á sambýli eða vistheimili skal beita ákvæðum 7. gr. eftir því sem við á.

13. gr.

Tekjur umsækjanda.

Allar tekjur umsækjanda og maka ef við á, í þeim mánuði sem sótt er um og tveimur mánuðum á undan, eru taldar með við mat á fjárþörf. Með tekjum er hér átt við allar tekjur og greiðslur til umsækjanda og maka, þ.e. atvinnutekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, nema umönnunarbætur, greiðslur úr lífeyrissjóðum og sjúkrasjóðum stéttarféлага, atvinnuleysisbætur, meðlög, barnabætur og mæðra-/feðralaun, leigutekjur o.s.frv. sem koma til frádráttar. Miða skal við heildartekjur áður en tekjuskattur hefur verið dreginn frá.

Húsaleigu- og vaxtabætur eru ekki taldar til tekna. Gert er ráð fyrir að húsnæðiskostnaði verði fyrst og fremst mætt með greiðslum vaxta- og húsaleigubóta.

14. gr.

Atvinnurekendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar og fólk í hlutastörfum.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, eiga rétt á fjárhagsaðstoð að því tilskildu að þeir hafi stöðvað atvinnurekstur og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysis-tryggingar.

Sé umsækjandi sjálfstætt starfandi í hlutastarfi með tekjur undir grunnfjárhæð skal gerð krafa um að viðkomandi skrái sig hjá vinnumiðlun og leiti að fullu starfi.

15. gr.

Einstaklingar í búrekstri.

Stundi umsækjandi búrekstur skal mat á tekjum byggt á skattframtali síðasta árs vegna umsókna, sem berast fyrir 1. júlí, en með umsóknum sem berast síðar skal einnig fylgja rekstrar- og efnahagsyfirlit uppfært til 30. júní sl. Þá liggja einnig fyrir greiðslumark búsin, breytingar á bústofni, yfirlit yfir eignir og skuldir aðrar en þær er tengjast viðkomandi rekstri, auk tekna utan búsin undanfarna tvo mánuði. Fjárþörf skal miða við grunnfjárþörf.

16. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám sem er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna geta að öllu jöfnu ekki sótt um fjárhagsaðstoð. Sama á við um maka eða sambýlismann násmanns, enda sé gert ráð fyrir framfærslu maka við útreikning námslána.

17. gr.

Ýmis önnur útgjöld.

Heimilt er að taka tillit til annarra útgjalda og skal þá að jafnaði tekið mið af lágmarksfjárförf viðkomandi einstaklings eða fjölskyldu undanfarna þrjá mánuði. Þessi kostnaður bætist við framfærslukostnað. Einnig getur verið um að ræða tilvik þar sem útreikningi á lágmarksfjárförf verður ekki beitt.

Þessi útgjöld eru ýmist föst útgjöld eða vegna einstakra atvika svo sem:

- a. Flutningur á búslóð eða fjárhagsaðstoð til kaupa á húsbúnaði. Slíkur styrkur er heimill í eftirfarandi tilvikum:

Einstaklingur hefur verið með lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð, er eignalaus og er að stofna heimili eftir a.m.k. tveggja ára dvöl á stofnun.

Einnig er heimilt að veita húsbúnaðarstyrk til ungs fólks á aldrinum 18-24 ára, sem er eignalaus, með tekjur undir eða við grunnfjárhæð, hefur átt í miklum félagslegum erfiðleikum og er að stofna heimili í fyrsta sinn.

Viðmiðunarmörk aðstoðarinnar eru 50.000 kr. nema ef einstaklingur er að flytja á sambyli, þá eru mörkin kr. 20.000. Húsbúnaðarstyrkur er aðeins greiddur einu sinni.
- b. Heimilt er að veita foreldrum, sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæð, sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsi, leikskóla, skólamáltíðir, lengdan skólalag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru 10.000 kr. á mánuði.
- c. Kostnaður vegna fæðingar, fermingar eða jólahalds. Einstaklingar sem hafa tekjur við eða undir viðmiðunarkvarða geta fengið fermingarstyrk að upphæð kr. 50.000 fyrir hvert barn. Upphæðin hækkar samkvæmt hækkun á vísitölu ár hvert. Einnig eiga einstaklingar rétt á jólabónus sem hafa tekjur við eða undir viðmiðunarkvarða félagsmálaráðs.
- d. Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við foreldra sem hafa haft tekjur á eða undir grunnfjárhæð undanfarna 12 mánuði eða lengur. Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bóka-kostnað, skólagjöld og ferðakostnaði til og frá skóla. Einnig er heimilt að taka sérstakt tillit til námskostnaðar barna tekjulágra foreldra sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Við mat á fjárförf skal taka mið af aðstæðum fjölskyldu, m.a. fjárhag hennar og fjarlægð skóla frá heimili. Skilyrði fyrir aðstoð vegna náms barna fjarri heimabyggð er að sótt hafi verið um námsstyrk samkvæmt lögum um námsstyrki sem samþykkt voru á Alþingi 14. mars 2003. Fjárförfin er svo metin að teknu tilliti til námsstyrksins.
- e. Námsstyrki er heimilt að veita í eftirfarandi tilvikum og miðast aðstoðin við grunnfjárhæð ásamt skólagjöldum og bóka-kostnaði:
 - a. til einstaklinga 18-24 ára, sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika,
 - b. til einstæðra foreldra 18-24 ára sem ekki hafa lokið grunnskóla eða framhaldsskóla og hafa haft atvinnutekjur undir einni milljón krónum undanfarna tólf mánuði,
 - c. til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir eða þegið fjárhagsaðstoð í sex mánuði eða lengur og hafa ekki lokið grunnnámi sem gefur rétt á námsláni.

Ákvarðanir um námskostnað skulu teknar fyrir hverja önn og er heimilt að halda námsaðstoð áfram með hliðsjón af námsframvindu.

- f. Vistgjöld á sambýlum, áfangastöðum og hliðstæðum stofnunum í 6 vikur eftir að dvöl á meðferðar- og sjúkrastofnunum lýkur.
- g. Styrkur til vistmanna á stofnunum sem hafa verið þar a.m.k. 6 mánuði eða fyrir-sjáanlegt að dvöl verður löng. Hér er um að ræða styrki til fatakaupa, tannviðgerða og gleraugnakaupa.
- h. Útfararkostnaður, alls kr. 50.000, þegar eignir eru ekki til staðar og ættingjar geta ekki séð um greiðslu kostnaðar. Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn um útfararstyrk: Staðfest ljósrit af skattframtali hins látna, launaseðlar og greiðsluyfirlit frá tryggingum og lífeyrissjóðum. Staðfesting frá stéttarfélagi, um rétt til útfararstyrks, tilkynning sýslumanns um skiptalok á grundvelli eignaskiptaleyfa, sbr. 25. gr. laga um skipti á dánarbúum. Heimilt er að veita eftirlifandi maka lán eða styrk vegna útfararkostnaðar þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför hins látna og eignir eftirlifandi maka eru ekki aðrar en íbúðarhúsnæðið sem umsækjandi býr í. Heimilt er að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum fjárhagsaðstoð vegna útfararkostnaðar barns. Samþykkt aðstoð greiðist gegn framvísun reiknings frá útfararstofu og annarra gagna um kostnað vegna útfarar.
- i. Lán eða styrkur vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu með hliðsjón af fjölskyldustærð.
- j. Húsaleigukostnaður sem er umfram leigutöku sveitarfélags fyrir sambærilegt húsnæði, að ákveðnu hámarki. Annar húsnæðiskostnaður í einstökum tilvikum.
- k. Dagvistarkostnaður vegna barns/barna umfram eitt barn.
- l. Meðlagsgreiðslur foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

18. gr.

Útreikningur á fjárhagsaðstoð.

Útreikningur á fjárhagsaðstoð skal sýndur á þar til gerðu yfirlitsblaði þar sem fram komi annars vegar framfærslukostnaður samkvæmt 6. gr. ásamt öðrum gjöldum, ef við á, samanber 7. gr. og hins vegar ráðstöfunarfé einstaklings eða fjölskyldu sbr. 8. gr.

Lágmarksfjárbörf ákvarðast af framfærslukostnaði að frádregnu ráðstöfunarfé. Umframfjárbörf ákvarðast af kostnaði sbr. 7. gr.

IV. KAFLI

Ákvarðanataka um fjárhagsaðstoð.

19. gr.

Ákvarðanataka.

Ákvörðun um fjárhagsaðstoð taka eftirtaldir aðilar:

1. Félagsmálaráð.
2. Félagsmálastjóri/ starfsmaður.

20. gr.

Hlutverk félagsmálaráðs.

Félagsmálaráð fer með eftirfarandi mál varðandi fjárhagsaðstoð:

1. Mótar stefnu um fjárhagsaðstoð.
2. Setur heildarreglur um afgreiðslu fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og fjölskyldna og hefur eftirlit með því að eftir þeim sé farið.
3. Staðfestir fundargerðir starfsmanna sem fjalla um fjárhagsaðstoð sbr. 10. gr.
4. Tekur afstöðu til tillagna starfsmanns þegar beiðni um fjárhagsaðstoð er umfram staðfestar hámarksupphæðir, þ.e. ef um er að ræða undanþágu frá reglum þessum.

5. Fjallar um ákvarðanir starfsmanns þegar umsækjendur skjóta ákvörðunum til félagsmálaráðs.
6. Félagsmálaráð hefur eftirlit með því að heildarupphæð fjárhagsaðstoðar rúmist innan marka fjárhagsáætlunar miðað við eðlilega dreifingu aðstoðar eftir mánuðum.

21. gr.

Ákvarðanir um fjárhagsaðstoð.

Starfsmanni/félagsmálastjóra er heimilt að ákvarða fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

1. Tímabundna fjárhagsaðstoð samkvæmt útreikningi á lágmarksfjárförf miðað við framfærslukostnað annars vegar og ráðstöfunarfé hins vegar sbr. 6. og 10. gr.
2. Skyndiaðstoð í allt að tvær vikur sbr. 4. gr. Veitt skyndiaðstoð skal koma til frádráttar þegar aðstoð er reiknuð sbr. 6. gr.
3. Húsnæði og vistun í allt að eina viku þegar um algjört húsnæðisleysi er að ræða, eða barni er hætta búin á heimili.

Allar ákvarðanir starfsmanns/félagsmálastjóra í krafti þessa ákvæðis skulu lagðar fyrir félagsmálaráð til staðfestingar.

V. KAFLI

Greiðsla fjárhagsaðstoðar, frágangur mála og eftirlit.

22. gr.

Afgreiðsla fjárhagsaðstoðar.

Félagsmálastjóri gengur frá greiðslum vegna fjárhagsaðstoðar.

Lán kemur því aðeins til útborgunar að gengið hafi verið frá tryggingu í samræmi við samþykktir:

1. Umboð í tryggingabótum þegar það á við.
2. Veðskuldabréf þegar um er að ræða veðhæfa eign.
3. Almenn skuldabréf þegar ekki er um að ræða veðhæfa eign eða tryggingabætur.

Félagsmálastjóri hefur eftirlit með frágangi, tryggingu og innheimtu lána og sér um skjólstæðingabókhald.

23. gr.

Skuldastaða gagnvart bæjarsjóði.

Kanna ber reikningstöðu umsækjanda gagnvart bæjarsjóði áður en mál eru afgreidd. Að öðru jöfnu skulu ný lán ekki veitt nema staðið hafi verið í skilum vegna eldri lána samkvæmt greiðslufyrirkomulagi eða gerð grein fyrir drætti á greiðslum á fullnægjandi hátt.

Komi í ljós að lántaki er ekki fær um að endurgreiða lán getur félagsmálastjóri eða félagsmálaráð breytt greiðsluskilmálum lánsins og félagsmálaráð breytt því í styrk.

24. gr.

Samþykktir um fjárhagsaðstoð.

Samþykktir um fjárhagsaðstoð skulu ætíð vera tímabundnar og gildistími þeirra miðast við það, sem eðlilegt getur talist hverju sinni. Að jafnaði skulu mál endurmetin á þriggja mánaða fresti.

VI. KAFLI
Málsmeðferð.

25. gr.

Úrvinnsla ganga unnin í samvinnu við umsækjendur.

Úrvinnsla umsókna, öflun gagna og ákvarðanatoka skal unnin í samvinnu og samráði við umsækjanda, eftir því sem unnt er, sbr. XVI. kafla laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga.

26. gr.

Kynna niðurstöður svo fljótt sem auðið er.

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu máls eins fljótt og unnt er. Synjun á fjárhagsaðstoð skal rökstudd og umsækjanda jafnframt bent á rétt sinn til málskots. Sé um skerðingu á réttindum að ræða skal niðurstaða ávallt rökstudd skriflega og tilkynnt með sérstökum trygglegum hætti.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt tryggilega þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

27. gr.

Málskotsréttur til félagsmálaráðs.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun starfsmanns til félagsmálaráðs.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Um málskot gilda að öðru leyti ákvæði XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

28. gr.

Leiðbeiningar um réttindi annars staðar.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda félagslega og fjárhagslega ráðgjöf og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Berist skriflegt erindi sem ekki snertir starfssvið félagsþjónustunnar, skal starfsmaður í samráði við umsækjanda framsenda erindið á réttan stað svo fljótt sem auðið er.

29. gr.

Skriflegt svar um niðurstöður sé umsókn hafnað.

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglna sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

30. gr.

Fjárhagsaðstoð endurkræf á grundvelli rangra upplýsinga.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er endurkræf og getur félagsþjónustan endurkrafíð viðkomandi um fjárhæðina samkvæmt almennum reglum kröfuréttar. Ef sannreynt er við vinnslu máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi stöðvast afgreiðsla umsóknar

31. gr.

Umboð til starfsmanna.

Starfmenn félagsþjónustunnar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði félagsmálanefndar eftir því sem við á.

32. gr.

Frestur til að vísa máli til félagsmálaráðs.

Þar sem starfsmenn félagsmálanefndar hafa umboð til að taka ákvörðun um fjárhagsaðstoð skulu þeir kynna umsækjanda niðurstöðu tryggilega og kynna honum um leið rétt hans til að fara fram á að félagsmálanefnd fjalli um umsóknina. Umsækjandi hefur að öðru jöfnu fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálanefndar frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Ákvörðun félagsmálanefndar skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Skal það gert innan fjögurra vikna frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar

Gildistaka.

33. gr.

Samþykkt bæjarstjórnar.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 21. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, voru samþykktar á fundi bæjarráðs Dalvíkur þann 16. september 1993, á fundi bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 19. janúar 1999 og fundi bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 24. apríl 2007, að fengnum tillögum frá félagsmálaráði, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um fjárhagsaðstoð í Dalvíkurbyggð, nr. 527/2005.

Dalvík, 7. júní 2007.

Svanfríður I. Jónasdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. júní 2007